

122. stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 19. september, 2023 kl. 12:30 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.

Viðstaddir eru: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Bragi Thoroddsen, sveitastjóri Súðavíkurrepps, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Rakel Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Lagðar fram breytingar á gjaldskrá og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2024

1. Gjaldskrá

Umræða um gjaldskrár. Örlitlar breytingar verða gerðar á aðgangseyri þar sem almennt gjald fer úr 1500 kr í 1600 kr. Boðið verður upp á að kaupa árskort fyrir þá sem þess kjósa á góðu verði eða sama sem og 2x aðgangseyrir. Það berast fyrirspurnir um að fá safnið lánað undir ýmiskonar viðburðahald þar kemur til nýr gjaldliður sem verður að fá safnið við afnota t.a.m um kvöldstund. Sama gjald verður og áður í smiðjuna á Þingeyri. Þar er starfsgrundvöllurinn orðinn erfiður þar sem ekki fæst fólk til starfa yfir sumartímann s.l tvö sumur en nauðsynlegt er að hafa starfsmann á Þingeyri. Hópar hafa greitt ákveðið gjald sem til stendur að hækka á komandi ári. Forstöðumanni veitt leyfi stjórnar til að hækka gjaldskrá. Rætt var um verðlag og hvernig móttöku hópanna hefur verið háttáð að hálfu safnsins hingað til. Jóna ætlar að ræða við forsvarsmann Vesturferða um hvernig vinnu skal háttáð hvað varðar undirbúning á komu hópa á þeirra vegum.

2. Framkvæmdir á árinu 2024

Kynntar helstu hugmyndir hvað varðar framkvæmdir, hvað sé í forgangi á framkvæmdaáætlun og því sem kemur að viðhaldi. Forstöðumaður gerir grein fyrir því að hún hafi sótt um að setja upp bragga á baklóð sem nýtast skuli sem varðveisluhúsnæði fyrir báta. Farið verður í að skipta um þak á smiðjunni í Neðstakaupstað á árinu sem er orðið mjög illa farið og liggur undir skemmdum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13.30